

Æskulýðnefnd Snæfellinga

Árskýrsla 2015

Í nefndinni eru: Nadine Walter, Ingibjörg Sigurðardóttir, Veronica Osterhammer, Lárus Guðmundsson og Heimir Ívarsson.

Það var ekki mikið um upptökur í æskulýðsstarf fyrstu mánuðina 2015 þar sem veðrið kom oft í veg fyrir það og erfitt voru samgöngur á milli bæjarfélagana.

Fimmtudaginn **19. mars** var haldin skemmtilegt pizzukvöld í Grunnskólanum í Stykkishólmi með öllum þátttakendum í unglingskipti Snæfellinga og IPN Roderath í Þýskalandi. Þá var einnig myndasýning úr unglingsgættu ferð til Þýskalands sem fór fram sumar 2014 fyrir foreldrar. Heppnaðist kvöldið mjög vel.

Laugardaginn **25. apríl** var haldin Íþróttamót Snæfellinga, æskulýðsnefnd skipulagði pollaflokkinn og fengu allir krakkar að komast á bak sem vildu.

Í sumar vorum við svo með þetta stóra verkefni:



Ungt hestafólk frá Þýskalandi í heimsókn hjá unglingunum Snæfellinga.

Ungmennirnir í hestamannafélaginu Snæfelling fengu góða gesti í heimsókn dagana 13. til 21. júlí. Gestirnir komu frá Þýsku Íslandshestafélagi sem heitir IPN Roderath. Gestirnir voru 16 talsins, 12 ungmennirnir og 4 fararstjórnar. Samstarf þetta hófst árið 1998 en hefur legið niðri frá 2006 en var endurvakið síðastliðið ár. Þá fóru 12 ungmennirnir frá unglingadeild Snæfellinga í heimsókn til Þýskalands og dvöldu í viku. Ýmislegt var gert þessa daga sem gestirnir voru hjá okkur. Farinn var skoðunarferð með leiðsögn í kringum Snæfellsnes. Siglt var um Breiðafjörð til að upplífa náttúru og fuglalífið en mesta áhersla var lögð í samveru með hestum og hestafólki. Farinn var fjögurra daga reiðtúr sem endaði með að reiðið var með rekstur gömlu pósthúsið frá Staðarsveit upp Djúpagil og yfir í Helgafellssveit. Reiðin þótti hinum Þýsku gestum vera ævinýri líkust og þá ekki síðasti

dagurinn með reksturinn um hrjóstrugt landslag og varðaða leið. Einnig var farið með ungmennin í heimsókn í hrossaræktarbúin í Hrísdal og Söðulsholt. Gestirnir dvöldu hluta ferðarinnar á heimilum hjá ungu hestafólki en einnig var gíst í íþróttahúsinu í Laugagerðisskóla. Mjög margir komu að móttöku og skipulagningu ferðarinnar sem var stýrt af Nadine Walter og Lárus Hannessonar.

Samstarfið var styrkt af Erasmus, Evrópu unga fólksins. Þess ber að geta að þetta er í fyrsta sinn sem þessi styrkur er veittur á Íslandi í tengslum við hestamennsku.

Greinilegt var að heimsókn ungmennanna kveikti áhuga þeirra fyrir Íslandi og jók enn á áhugann fyrir hestinum okkar og menningu honum tengdum.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi samstarfi og að ungmenni frá Snæfelling fari í heimsókn til þeirra sumarið 2017.

Samstarf af þessu tagi gefur ungu fólki möguleika sem að öðrum kosti væri ekki til staðar, myndar tengsl og eykur vísýni.



Framundan er fyrirhugað

- Bingó og fræðslustund í jan/feb
- Námskeið fyrir börn í vetur

Nadine Walter

Stykkishólmur, 25.10.2015